

Nd.

### **365. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um kosningar til sýslunefnda.

Nefndin hefir athugað málið, og orðið sammála um það, að það væri í fullu samræmi við aðrar kosningar til almennra starfa hér á landi, svo sem þingkosning, prestskosning og sjerstaklega bæjarstjórnarkosning, að kosning til sýslunefnda fari fram leynilega. Sýslunefndir hafa mjög mikið vald innan sinna umdæma, og fyrir kemur, að mikið kapp verður um þær kosningar. Aðferðin í

frumv. þessu er sniðin sumpart eftir bæjarstjórnarkosningalögunum og sumpart eftir prestskosningalögunum. Nefndin hefir ekkert sjerlegt að athuga við einstök atriði frumv., en er þeirrar skoðunar að rjett sje, að frumvarpið gangi fram, þótt ekki geti orðið á þessu þingi.

Neðri deild Alþingis, 21. ágúst 1912.

Stefán Stefánsson, Eyf.,  
formaður.

Jón Magnússon,  
skrifari.

Ólafur Briem.